



Fjármálaáætlun – stöðugur kúrs og reynt að fara bil beggja

Ekki róttækar breytingar

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar var lögð fram í byrjun mánaðarins, nokkrum dögum eftir lögboðinn tímafrest. Það eru ekki nein tíðindi lengur að í áætluninni sé ekki um mikil frávik að ræða frá fyrri stefnu. Svo virðist sem þessi rammi fjármálastefnu og fjármálaáætlunar sem lög um ríkisfjármál kveða á um hafi skapað meiri festu í opinberum fjármálum en hér hefur jafnan ríkt.


Í þeirri fjármálastefnu sem samþykkt var fyrr í vetur og nýrri fjármálaáætlun er greinilega reynt að sigla einhvers konar meðalveg á milli annars vegar mikilla krafna um aukin útgjöld og bólginna kosningaloforða og hins vegar afkomu opinberra fjármála sem svarar kalli laganna um opinber fjármál og kröfu styrkrar hagstjórnar í landinu. Gagnrýni hefur heyrst úr báðum áttum, bæði frá þeim sem finnst vanta meira fé í ákveðna málaflökka og þeim sem telja of geyst farið og að tekjuafgangur sé of lítill til þess að svara markmiðum hagstjórnar. T.d. hefur verið gagnrýnt að stefna ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir áframhaldandi góðum hagvexti á næstu árum sem sumum finnst of bjartsýn forsenda.

Markmið um afkomu

Afkomuregla laga um opinber fjármál kveður á um að heildarjöfnuður hins opinbera yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og að árlegur halli á heildarjöfnuði verði aldrei meiri en 2,5% af VLF.


Fjármálaráð benti á síðasta ári á að ríkisstjórnin boðaði áframhaldandi útgjaldaaukningu sem ætti sér ekki hliðstæðu á síðustu áratugum. Jafnvel þó stjórnvöld viðhaldi aðhaldsstigi við þensluaðstæður kallar aukning útgjalda jafnan á frekari tekjuöflun eða niðurskurð á öðrum útgjöldum, eða blöndu af hvoru tveggja. Sé ekkert af þessu gert af hálfu stjórnvalda eru þau, að öðru óbreyttu, í rauninni að velta ábyrgð hagstjórnar meira yfir á Seðlabankann.

Heildarafkoma hins opinbera - hlutfall af VLF




Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023

Afkomu ríkissjóðs



Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023

Þróun tekna og gjalda ríkissjóðs



Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023



Reiknað er með því að heildarafkoma hins opinbera verði jákvæð um minnst 1,4% af VLF á árinu 2018, 1,2% árið 2019 og 1% af VLF árin 2021 og 2022. Þessi þróun er því innan marka afkomureglunnar.

Afkoma ríkissjóðs

Ríkissjóður leikur að sjálfstöðu stærsta hlutverkið meðal opinberra aðila. Hvað afkomu varðar er gert ráð fyrir 1,2% af VLF sem afgangi í ár. Á árunum 2019–2022 er gert ráð fyrir að heildarafkoman fari smám saman lækkandi og verði 1% árið 2019, 0,9% árið 2020 og 0,8% árin 2021 og 2022. Eins og áður segir virðast stjórnvöld vera að reyna að finna meðalveg milli annars vegar kosningaloforða og krafna um aukin útgjöld og hins vegar til sjónarmiða tryggrar hagstjórnar. Bent hefur verið á að forsendur dæmisins séu með þeim hætti að lítið megi út af bregða.

Hvar verður útgjaldaaukningin mest?

Það kemur ekki á óvart að heilbrigðismál vegi þungt í auknum útgjöldum ríkisins, enda eru þau meðal stærstu málefna sviða í rekstri ríkissjóðs. Á tímabilinu 2017-2023 er þannig reiknað með að útgjöld til málaflokksins „Lyf og lækningavörur“ aukist um 66%. Af þeim 6 málaflokkum þar sem útgjaldaaukning verður mest eru fjórir nátengdir heilbrigðismálum - það eru einungis umhverfismál og utanríkismál sem vaxa álíka mikið.

Mestu heildarútgjöld á tímabilinu


Samanburður á milli tveggja tímapakta þarf ekki að gefa bestu myndina af áherslum í ríkisfjármálum. Sé lítið á heildarútgjöld til málaflokka á öllu tímabilinu fæst nokkuð önnur mynd en hér að ofan.

Á tímabilinu 2017-2023 munu mest útgjöld fara til sjúkrahúsaþjónustu, þar á eftir til málefna aldraðra og svo til málefna tengdum örorku og fötluðum.

Málaflokkar sem minna taka til sín


Sé horft á breytingu á útgjöldum á tímabili fjármálaáætlunarinnar hinum megin frá kemur í ljós að framlög til húsnæðisstuðnings verða 18% minni 2023 en var 2017. Þar á eftir munu „Alþingi og eftirlitsstofnanir þess“ og „Önnur skólastig“ dragast töluvert saman, og sama má segja um útgjöld vegna landbúnaðar.

Stærstu málefna svið ríkissjóðs




Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023

Mesta aukning útgjalda ríkissjóðs 2017-2023



Heimild: Fjármálaáætlun 2019-202

Stærstu málefna svið ríkissjóðs Heildarútgjöld 2017-2023



Heimild: Fjármálaáætlun 2019-2023



Opinberar skuldir dragast saman


Hvað opinberar skuldir varðar er notaður annar mælikvarði í heimi fjármálastefnunnar þar sem lífeyrisskuldbindingar og viðskiptaskuldir eru undanskildar skuldum en sjóðir og bankainnstæður koma til frádráttar. Stefnan gerir ráð fyrir að heildarskuldir hins opinbera verði komnar undir 30% af VLF í lok árs 2020 og að þær verði ekki hærrí en 25% af VLF í lok árs 2022. Til þess að ná þessum markmiðum þurfa að koma til óreglulegar tekjur, t.d. af eignasölu og óreglulegum arðgreiðslum á árunum 2019–2023.

Skuldir ríkissjóðs skipta mestu í heildarmyndinni. Samkvæmt skuldareglu¹ er reiknað með að heildarskuldir ríkissjóðs verði komnar undir 25% af VLF í árslok 2019 og verði að hámarki 20% af VLF í árslok 2023. Reiknað er með að á árunum 2018–2021 verði hægt að nýta tæplega 120 ma.kr. tekjur vegna félaga í ríkiseigu til að greiða niður skuldir.


Langtímasýn og stefnufesta

Eins og áður segir vekur það óneitanlega athygli hversu lítið áherslur í fjármálum hins opinbera hafa breyst á undanförunum árum, þrátt fyrir breytta samsetningu ríkisstjórna. Það gæti bent til þess að stjórnámálmennt séu almennt sammála um stóru myndina, og að áherslumunurinn sé aðallega innan þess ramma sem menn eru sammála um að nota.

Minnsta aukning útgjalda ríkissjóðs 2017-2023



Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

¹ Heildarskuldir að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádrögnum sjóðum og bankainnstæðum.